



Viðmiðunartilboð um  
bitastraumsaðgang í heildsölu  
Samningur um bitastraumsaðgang í heildsölu  
milli Mílu ehf. og [Fjarskiptafyrirtæki]

*Útgáfa 2.0*  
*1.ágúst 2017*

## Efnisyfirlit

1	Um samninginn.....	4
1.1	Aðilar.....	4
1.2	Markmið.....	4
1.3	Gildistaka.....	4
1.3.1	Nýr viðsemjandi.....	4
1.3.2	Samningur um bitastraumsaðgang nú þegar í gildi.....	4
1.4	Uppsögn.....	4
1.5	Viðaukar.....	5
1.6	Misræmi.....	5
1.7	Skilgreiningar.....	5
2	Þjónusta sem fólgin er í samningnum.....	6
2.1	Þjónusta samningsins.....	6
2.2	Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig.....	6
2.3	Tilkynningar vegna bilana.....	7
2.4	Tæknilegir skilmálar og hæfi.....	7
2.5	Misnotkun.....	7
2.6	Áætlanir.....	7
2.6.1	Viðurlög og frávik frá áætlunum.....	7
2.7	Takmörkun bitastraumsaðgangs.....	8
2.8	Upplýsingagjöf Mílu.....	8
2.9	Öryggi neta og tilkynningar.....	8
3	Verðlagning.....	8
3.1	Verð og breytingar á verðskrá.....	8
3.2	Verðlagning til viðskiptavina.....	8
4	Uppgjör milli aðila, reikningar og greiðslur.....	9
4.1	Grundvöllur uppgjors.....	9
4.1.1	Uppgjörstímabil.....	9
4.1.2	Gjaldfærsla þjónustu.....	9
4.2	Greiðslur.....	9
4.2.1	Gjaldfrestur.....	9
4.2.2	Greiðsluábyrgð.....	9
5	Vanefndir.....	9
5.1	Vanefndir og réttur til úrbóta.....	9
5.2	Veruleg vanefnd - Riftun.....	9
5.3	Aftenging búnaðar vegna vanefnda.....	10
5.4	Skaðabætur.....	10
6	Takmörkun ábyrgðar.....	10
7	Óviðráðanleg atvik.....	10
8	Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði.....	10
8.1	Upplýsingaskylda.....	10
8.2	Tilkynningar til viðskiptavina.....	10
8.3	Höfundarréttarákvæði.....	10
8.3.1	Almennt ákvæði.....	10
8.3.2	Sérstakt ákvæði.....	11
9	Þagnarskylda.....	11
10	Greiðslutrygging.....	11
11	Mílu er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við sérstakar óskir þjónustukaupa um bitastraumsaðgang. Þetta á aðeins við í undantekningartilvikum og þá aðeins um fjárfestingar sem ekki mynda stofn til mánaðargjalda og stofngjalda fyrir aðgang að bitastraumiFramsál réttinda og skyldna til þriðja aðila	11
12	Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila. Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti,	



svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi  
því yfir skriflega að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt  
samningnum. Endurskoðun..... 11  
13 Fulltrúar aðila ..... 12  
14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála ..... 12

## 1 Um samninginn

### 1.1 Aðilar

Míla ehf., kt. 460207-1690, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík (hér eftir Míla eða þjónustusali) og [nafn fyrirtækis] hf., kt. [xxxxxx-xxxx] (hér eftir þjónustukaupi) gera með sér svofelldan samning um breiðbandsaðgang í heildsölu (bitastraum), sbr. 34. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti, hér eftir nefndur samningurinn.

Þjónustan er annars vegar þjónusta sem fer um efra tíðnisvið koparheimtauga, sem tengdar eru xDSL-kerfi Mílu og hins vegar þjónusta um ljósleiðara sem tengdir eru GPON-kerfi Mílu.

### 1.2 Markmið

Meginmarkmiðið með samningnum er að veita, á grundvelli réttmætra og sanngjarnra beiðna fjarskiptafyrirtækja, aðgang að sérstakri netaðstöðu tengdri heimtaugum á heildsölustigi. Netaðstaðan sem hér um ræðir er aðgangur að bitastraumi. Er þjónustukaupa þannig gert kleift að veita endanotendum sínum aðgang að ýmis konar bandbreiðri þjónustu. Umræddur heildsöluaðgangur er veittur, að uppfylltum þeim skilyrðum sem um heildsöluaðgang gilda, sbr. gildandi ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar og í samræmi við nánari lýsingu í viðaukum samningsins.

### 1.3 Gildistaka

#### 1.3.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða þjónustukaupa sem ekki er nú þegar með samning um bitastraumsaðgang við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja samningsaðila. Samningurinn er ótímabundinn en getur tekið breytingum í samræmi við gr. 1.3.2.

#### 1.3.2 Samningur um bitastraumsaðgang nú þegar í gildi

Þegar í gildi er samningur um aðgang að heimtaug á milli Mílu og þjónustukaupa leysir nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug, sem samþykkt hefur verið af Póst- og fjarskiptastofnun, hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar af hálfu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða dómstóla.

### 1.4 Uppsögn

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Nú segir Míla upp samningi og skal Míla þá samhliða birta nýtt viðmiðunartilboð sem tekur gildi um leið og það hefur verið formlega samþykkt af Póst- og fjarskiptastofnun og fellur þá eldra viðmiðunartilboðið úr gildi.

## 1.5 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi:

- Viðauki 1 Verðskrá
- Viðauki 2 Tækniskilmálar DSL
- Viðauki 3 Tækniskilmálar GPON
- Viðauki 4 Þjónustuframboð eftir tækjahúsum
- Viðauki 5 Aðgangssleiðir
- Viðauki 6 Tækniskilmálar VULA
- Viðauki 7 Þjónustusamningur, gæðaviðmið og gæðatrygging

## 1.6 Misræmi

Ef misræmi er á milli samnings og viðauka hans gilda ákvæði þessa samnings.

## 1.7 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum. Í viðaukum eru skilgreiningar eftir því sem við á:

ADSL	(Asymmetric Digital Subscriber Line) ein tegund DSL samskiptatækni, sem gerir fært að flytja gögn yfir koparlínur með meiri hraða en hægt er með hefðbundnu talbands mótaldi.
ATM-net	(Asynchronous Transfer Mode) ATM er skiptitækni sem skiptir gögnum niður í 53 bæta einingar og sendir þær yfir stafrænan flutningsmiðil t.d. ljósleiðara. ATM-net var byggt upp á árunum 1999 til 2004 og er landsdekkandi kerfi sem samanstendur af ATM skiptum á helstu þéttbýlisstöðum landsins. Kerfið er á útleið og mun líklega hætta rekstri á næstu árum. Stofnlínur í netinu eru yfirleitt STM-1 (155 Mb/s) og upp í STM-4 (622 Mb/s).
Bitastrumur	Háhraða nettenging á virkum búnaði yfir heimtauganet Mílu sem veitt er þriðja aðila. Með bitastrumi er ekki veittur beinn aðgangur að heimtaug.
BRAS	(Broadband Remote Access Server) BRAS er söfnunarpunktur fyrir umferð frá endanotendum í aðgangskerfinu (PPP umferð frá ASAM og ISAM). Í BRAS fer fram auðkenning endanotenda og þar er umferð þeirra beint inn á IP/MPLS-netið.
DSLAM	(Digital Subscriber Line Access Multiplexer) DSLAM er netbúnaður sem er venjulega staðsettur í símsstöðvum. Búnaðurinn móttekur merki frá mörgum viðskiptavinum (DSL línum) og með fjölrásartækni kemur þeim áfram á háhraða burðarneti (e. backbone).
DSLAM-ASAM	(ATM Subscriber Access Multiplexer) er DSLAM búnaður Mílu sem byggir á ATM tækni.
DSLAM-ISAM	(Intelligent Services Access Manager) er DSLAM búnaður Mílu sem byggir á IP/Ethernet tækni.
Endanotandi	Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.



Fjarskiptafyrirtæki	Lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
Fjarskiptanet	Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
Fjarskiptaumferð	Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
Fjarskiptaþjónusta	Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
GPON	Gigabit Passive Optical Network. Sú tækni sem Míla notar til að veita bitastraumspjónustu yfir ljósleiðaraheimtaugar.
Internet:	Veraldarvefurinn. Samtengt net tölvukerfa um allan heim, byggt á TCP/IP samskiptastaðlinum.
IP/MPLS net:	(Internet Protocol/Multi-Protocol Label Switching). Netið samanstendur af jaðarbeinum, sem tengja fyrirtæki og þjónustu inn í netið (s.s. BRAS, Internetgátt) og kjarnabeinum, sem tengja saman jaðarbeinana. Stofnlínur í IP/MPLS-netinu eru yfirleitt frá 1Gb/s og upp í 10Gb/s.
STP	Samtengipunktur við mismunandi aðgangsléiðir að aðgangskerfi Mílu.
VDSL2:	(Very high speed Digital Subscriber Line 2) önnur tegund DSL samskiptatækni, sem gerir fært að flytja gögn yfir koparlínur með enn meiri hraða en mögulegt er með ADSL.
VULA	Virtual Unbundled Local Access eða sýndaraðgangur þjónustukaupa að heimtaugum í aðgangsneti Mílu
xDSL:	Samheiti sem nær yfir ADSL/ADSL2+, G.SHDSL og VDSL2

## 2 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

### 2.1 Þjónusta samningsins

Þjónustu Mílu samkvæmt samningi þessum er lýst í viðaukum samningsins.

### 2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig

Þjónustukaupi ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, m.a. hvað varðar bilanagreiningu og aðra þjónustu vegna endabúnaðar þeirra. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Þjónustukaupi innheimtir hjá eigin viðskiptavinum og stendur skil á greiðslum fyrir heildsöluaðgang sinn til Mílu.

## 2.3 Tilkynningar vegna bilana

Míla tilkynnir um kerfisbilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti. Sjá nánar í viðauka 7.

## 2.4 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Mílu, skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla eru samkvæmt viðaukum.

Mílu er heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi leggi fram gögn er staðfesta, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir þjónustukaupi ekki skilyrði skv. 1. og 2. mgr. og getur Míla þá hafnað tengingu við búnað þjónustukaupa að öllu leyti eða að hluta.

## 2.5 Misnotkun

Aðilar skulu leitast við að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Skulu þeir strax upplýsa gagnaðila verði þeir varir við óeðlilega notkun eða umferð, sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum.

Bitastraumsþjónustu Mílu má skipta upp í heimilistengingar annars vegar og fyrirtækjatengingar hins vegar. Heimilistengingar eru ekki ætlaðar fyrirtækjum við rekstur þeirra og mælist Míla til að fjarskiptafyrirtækin beini þeim á tengingar sem passa þörfum þeirra. Míla býður upp á sérsniðnar gagnalausnir fyrir rekstur fyrirtækja sem hafa hærra þjónustustig en heimilistengingar.

Þjónustukaupi skal setja í viðskiptaskilmála sína til endanotanda að honum sé óheimilt að samnýta aðgang að þjónustunni með öðru heimili eða fyrirtæki.

Ef í ljós kemur að endanotandi misnotar búnað eða þjónustu Mílu, eða gerir öðrum aðilum það kleift með ásetningi eða gáleysi sínu, hefur Míla fulla heimild til að synja honum um þjónustu um stundarsakir eða til frambúðar í samráði við viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

## 2.6 Áætlanir

Ársfjórðungslega skal þjónustukaupi leggja fram áætlanir, um fjölda og tegund tenginga á hverjum stað (tækjahúsi/símstöð) sem ná yfir næstu 12 mánuði. Til að auðvelda þjónustukaupa að senda Mílu áætlanir sínar þá mun Míla senda honum fjölda viðskiptavina niður á símstöðvarsvæði. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum felur í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Mílu heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka auk þess sem þjónustuviðmið (e. KPI) í þjónustusamningi (e. SLA/SLG) gilda ekki á tímabilinu. Sjá nánar í grein 2.6.1 og grein 5.5 í viðauka 7.

Sama gildir um breytingar á aðgangssleiðum þ.e. um nýja STP staði á aðgangssleiðum 1 og 2. Ef slíkum upplýsingum er ekki komið á framfæri getur Míla ekki ábyrgst fyrirfram ákveðna tímafresti. Sjá nánar í viðauka 5.

### 2.6.1 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Áætlanir um fjölda endanotenda (viðskiptavina þjónustukaupa) með bitastraumsaðgang að kerfi Mílu skulu bornar saman við raunverulegan fjölda þeirra á hverju 6 mánaða tímabili. Ef fjölgun tenginga á hverjum einstökum stað er 25% meiri en áætlanir gera ráð fyrir flokkast það sem veruleg frávik og getur Míla ekki ábyrgst að mæta óskum þjónustukaupa um þjónustu.

Ef raunverulegur fjöldi bitastraumstenginga fer 50% undir áætlun er Mílu heimilt að krefjast þess að þjónustukaupi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka sem kom til vegna þess að tryggja þurfti áætlaða nýtingu.

Ef þjónustukaupi hættir við fyrirhugaðar breytingar á aðgangssleiðum eða áætlanir hans standast ekki ber þjónustukaupa að greiða beinan áfallinn kostnað sem Míla hefur orðið fyrir.

Ef gerðar eru breytingar á áætlunum án þess að fyrirvari sé virtur, er Mílu ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara. Sjá nánar í viðauka 7.

## 2.7 Takmörkun bitastraumsaðgangs

Mílu er heimilt að takmarka bitastraumsaðgang ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna uppfærslu kerfa, öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis kerfa Mílu. Tilkynna skal um slíka takmörkun fyrirfram ef því verður komið við. Aðeins skal takmarka bitastraumsaðgang fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn ber til. Sjá nánar í greinum 2.4-2.5 og í viðaukum samnings þessa.

## 2.8 Upplýsingagjöf Mílu

Mílu ber að veita þjónustukaupa upplýsingar um hvaða önnur þjónusta er veitt um einstakar xDSL og GPON tengingar til annarra en þjónustukaupa sé þess óskað. Í því felst að þjónustukaupi sé upplýstur um hvaða tengingar eru jafnframt nýttar til flutnings talþjónustu eða myndefnis, ásamt þeim tæknilegu kröfum (s.s. QoS og bandbreidd) sem slíkur flutningur gerir til viðkomandi tengingar.

Mílu ber einnig að veita þjónustukaupa upplýsingar um línuhraða tengingar ef hann er tiltækur. Þjónustukaupi getur nálgast þessar upplýsingar á Þjónustuvef eða í gegnum Samskiptagátt Mílu.

## 2.9 Öryggi neta og tilkynningar

Hvor aðili um sig er ábyrgur fyrir öruggri starfsemi nets síns og skal gera allar skynsamlegar og nauðsynlegar ráðstafanir í starfsemi sinni og við framkvæmd þessa samnings til að tryggja að netið muni ekki:

- Stofna öryggi eða heilsu starfsmanna, verktaka, umboðsmanna eða viðskiptamanna hins aðilans í hættu.
- Skemma, trufla eða valda skaða á starfsemi nets Mílu eða annarra þjónustukaupa.
- Aðilar skulu hafa samvinnu um greiningu og nauðsynlegar aðgerðir í tilefni af grunsemdum um skaðlegar truflanir á þjónustu þjónustukaupa í heimtauganeti Mílu. Samstarfið felur í sér gagnkvæma upplýsingagjöf. Það felur í sér aðgang að mælingum, aðkomu starfsmanna beggja aðila og aðgang að búnaði til þess að meta hættu á hugsanlegum truflunum ásamt öðrum atriðum sem Míla telur að séu nauðsynleg til að minnka líkur á skaðlegum truflunum.
- Hvorugur aðili skal tengja, eða viljandi heimila að tengja net sitt við nokkurt tæki eða búnað sem er ekki samþykktur af þar til bærum yfirvöldum til tengingar við net eða annað sem tækniskilmálar samningsins kveða á um.

## 3 Verðlagning

### 3.1 Verð og breytingar á verðskrá

Verðskrá fyrir hverja þjónustu er lýtur að aðgangi að bitastraumi er nánar lýst í viðauka 1. Verð í samningi þessum og viðaukum eru tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

Verðskrá tekur gildi um næstu mánaðamót eftir ákvörðun PFS varðandi verð á þjónustu sem háð eru samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar. Verð á þjónustu sem ekki fellur undir verðkvöð Póst- og fjarskiptastofnunar skal tilkynnt með a.m.k. 60 daga fyrirvara.

### 3.2 Verðlagning til viðskiptavina

Þjónustukaupi ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.



## 4 Uppgjör milli aðila, reikningar og greiðslur

### 4.1 Grundvöllur uppgjörs

#### 4.1.1 Uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil fyrir þjónustu skv. samningi þessum milli viðsemjanda og Mílu, miðast við almanaksmánuð. Leiguverð fyrir bitastraumsaðgang er innheimt fyrirfram fyrir hvern mánuð. Við uppsögn þjónustu greiðir fráfarandi þjónustukaupi út líðandi mánuð.

#### 4.1.2 Gjaldfærsla þjónustu

Gjaldfært er fyrir mismunandi aðgangsléiðir og stærð tenginga (Mb/s) samkvæmt verðskrá í viðauka 1. Gjaldfærsla fyrir aðra þjónustu en bitastraumsaðgang er samkvæmt viðauka 1.

### 4.2 Greiðslur

#### 4.2.1 Gjaldfrestur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok næst liðins mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir dagsetningu reiknings og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

#### 4.2.2 Greiðsluábyrgð

Míla áskilur sér rétt til að krefjast þess að þjónustukaupi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir bitastraumsaðgang þjónustukaupa þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Míla óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

## 5 Vanefndir

### 5.1 Vanefndir og réttur til úrbóta

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndina.

Samningsaðili, sem hefur vanefnt samninginn, skal bæta úr vanefndinni án tafar og eigi síðar en 30 dögum eftir að tilkynning um vanefnd berst skv. 1. mgr.

Nú verður samningsaðili ekki við skriflegri áskorun um að bæta úr vanefnd innan 30 daga frá því honum berst tilkynning, sbr. 1. og 2. mgr., og telst vanefndin þá veruleg að þeim tíma liðnum og veitir samningsaðila rétt til fyrirvaralausrar riftunar.

### 5.2 Veruleg vanefnd - Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað með skriflegri tilkynningu til gagnaðila, ef eitt eða fleiri neðangreindra atriða á við:

- ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.
- ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamninga eða farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans.
- ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.

- ef þjónustukaupi setur upp búnað sem ekki fullnægir tækniskilmálum sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.
- ef notkun þjónustukaupa á búnaði er ekki í samræmi við tækniskilmála sem fram koma í samningnum og viðaukum við hann.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum. Vanskil teljast alltaf veruleg ef þau hafa staðið í meira en 45 daga frá gjalddaga.

### 5.3 Aftenging búnaðar vegna vanefnda

Hafi þjónustukaupi látið niður falla að greiða umsamda leigufjárhæð í 45 daga frá gjalddaga eða lengur er Mílu heimilt að undangenginni aðvörun að láta aftengja eða slökkva á búnaði þjónustukaupa og fjarlægja hann á kostnað þjónustukaupa.

### 5.4 Skaðabætur

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

Að öðru leyti er farið með bætur í samræmi við ákvæði gæðatryggingar í viðauka 7.

## 6 Takmörkun ábyrgðar

Míla ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna, enda megi ekki rekja umrætt sambandsleysi, fjarskiptarof eða aðrar truflanir til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu af hálfu Mílu.

## 7 Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

## 8 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

### 8.1 Upplýsingaskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd samningsins.

### 8.2 Tilkynningar til viðskiptavina

Þjónustukaupi ber ábyrgð á að tilkynna viðskiptavini sínum hvenær viðskipti hefjast formlega og hvenær viðskiptaleg ábyrgð gagnvart honum hefst og um leið varðandi skilmála, þjónustu, bilanir og kvartanir.

### 8.3 Höfundarréttarákvæði

#### 8.3.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

### 8.3.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

## 9 Þagnarskylda

Aðilar skuldbinda sig til að ljósstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Míla skal tryggja að trúnaðarupplýsingar sem starfsmenn félagsins búa yfir um einstaka viðskiptavini félagsins berist ekki til annarra félaga í fyrirtækjasamstæðu Mílu, að frátöldum þeim deildum sem heimilt er að veita Mílu stoðþjónustu, ef það er nauðsynlegt í beinum tengslum við hlutaðeigandi þjónustu. Míla tryggir að nauðsynlegur trúnaður gildi um þær upplýsingar.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Míla áskilur sér rétt til að krefjast sérstaks trúnaðarsamnings vegna afhendingar tiltekinna gagna.

## 10 Greiðslutrygging

Mílu er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við sérstakar óskir þjónustukaupa um bitastraumsaðgang. Þetta á aðeins við í undantekningartilvikum og þá aðeins um fjárfestingar sem ekki mynda stofn til mánaðargjalda og stofngjalda fyrir aðgang að bitastraumi

## 11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum verða ekki framseld eða fengin öðrum í hendur án skriflegs samþykkis gagnaðila. Þó er aðilum heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega að það taki á sig allar skyldur framseljenda samkvæmt samningnum.

## 12 Endurskoðun

Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.



### 13 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Míla ehf.: xxxxxxxxxxxxxx

Fjarskiptafyrirtæki hf. (þjónustukaupi) : xxxxxxxxxxxxxx

### 14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum. Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín á milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna að fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál vegna túlkunar á samningsákvæðum sem heyra ekki undir lögsögu Póst- og fjarskiptastofnunar skal reka fyrir almennum dómstólum.

Mál vegna samnings þessa skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, [dags.]

Míla ehf.

[Fjarskiptafyrirtæki hf.].

-----

-----